

Myndmennt 6.bekkur

Með markmiðunum er leitast við að vinna að þeirri hæfni sem nemendur ættu að hafa náð í lok 7. bekkjar en þar segir m.a að nemendur eigi að geta nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun, beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni, fjallað um sín eigin verk og annarra.

Hæfniviðmið

- að njóta og finna sköpunargleði sinni farveg
- að uppgötva á eigin forsendum og nálgast listsköpun með ýmiss konar efniviði
- að nota skissugerð og öðlast skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli
- að blanda saman ólíkum efnum og nota margvíslega tækni í sömu mynd,
- að vita að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins
- að geta beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- að vita að litir hafa mismunandi þýðingu í lífi mannsins, bæði hvað varðar áhrif þeirra á tilfinningar og merkingu þeirra, t.d. sem tákn götuvatans, á vatnskrananum o.fl.
- að skoða mynddæmi um verk unnin í anda mismunandi stefna s.s. impressjónisma, expressjónisma, kúbisma
- að fá kynningu á listamönnum sem tengja má við ákveðnar stefnur
- að geta gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum

Grunnþættirnir læsi, sköpun, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði, velferð og jafnrétti fléttast inn í markmiðin. Dæmi: Sjálfbærni tengist því hvernig nemendur eru hvattir til að nýta alls kyns efnivið sem aðrir henda, jafnrétti fléttast inn í að allir segja frá sínum verkum og taka þátt í að skoða annarra, öll verk eru jöfn. Læsi kemur inn í allt saman s.s. að þekkja grunnformin, vera læs á skugga, liti, form, myndbyggingu og þess háttar.

Kennsluhættir

Samþætting við bekkjakennslu og á milli list- og verkgreina. Útikennsla, tenging við umhverfið, fjölbreytt sköpun á ýmsum sviðum. Farið á listviðburði eftir því sem við á, eins og til dæmis Menningarviku í Grindavík.